

Ed.

592. Nefndarálit

[188. mál]

um frv. til I. um breyt. á lögum nr. 77 28. apríl 1962, um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og rætt það á fundum sínum. Nefndin leitaði umsagnar um málið hjá stjórn aflatryggingasjóðs sjávarútvegsins og fékk auk þess umsögn um málið frá Landssambandi íslenzkra útvegsmanna. Báðir þessir aðilar mæla gegn því, að hluti rikissjóðs í framlagi til aflatryggingasjóðs verði lækkaður frá því, sem nú er.

Sjávarútvegsnefnd er ljóst, að með þeirri tekjuskerðingu, sem hér um ræðir, getur svo farið, að aflatryggingasjóður verði ekki fær um að standa við skuldbindingar sínar eftir sömu reglum og gilt hafa um greiðslur úr sjóðnum á undanfórnum árum. Nefndin taldi því rétt að gera hæstv. fjármálaráðherra grein fyrir þessari skoðun sinni. Í því tilefni gaf hæstv. fjármálaráðherra nefndinni eftirfarandi yfirlýsingu:

„Ríkisstjórnin mun sjá svo um, að ef til þess kemur, að aflatryggingasjóð skorti fé, til þess að greiðslur úr sjóðnum geti farið fram eftir sömu bótareglum og giltu á s. l. ári, þá muni sjóðnum verða séð fyrir því fjármagni, sem af skerðingunni leiðir eða á kann að vanta.“

Um II. kafla frumvarpsins, greiðslu fæðiskostnaðar, er það að segja, að hér er um samkomulagsatriði að ræða, sem um getur í samningum milli sjómanna (undirmanna) á hátaflotanum og útgerðarmanna, sem gerðir voru hinn 12. febrúar 1969.

Með hliðsjón af framansögðu leggur sjávarútvegsnefnd til, að frumvarpið verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Við 2. gr. Greinin orðist svo:

2. töluliður 9. gr. laganna orðist svo:

Framlag rikissjóðs á árinu 1969 er fjórðungur á móti 1. lið.

Alþingi, 28. apríl 1968.

Pétur Benediksson,  
form.  
Ólafur Jóhannesson.

Jón Árm. Héðinsson,  
fundaskr.  
Bjarni Guðbjörnsson.  
Sveinn Guðmundsson.

Jón Árnason,  
frsm.  
Gils Guðmundsson.